

Kæli- og frystivörutrygging

Skilmáli E-10

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf. Þessi skilmáli er viðbót við lausafjártryggingu félagsins nr. E-3.

1. gr. Vátryggingin tekur til:

tjóna er verða á vörum, sem getið er í vátryggingarskírteininu og geymdar eru á vátryggingarstaðnum í frysti- eða kæligeymslum, eða í frysti- og kæliborðum, af völdum þess að kælimiðill streymir út, eða hiti hækkar vegna skyndilegrar bilunar í kælivélum, straumrofs eða annarra skyndilegra og ófyrirsjáanlegra atvika.

2. gr. Vátryggingin tekur ekki til:

2.1 tjóna á vörum sem voru gallaðar þegar þeim var komið fyrir í geymslu;

2.2 tjóna á vörum sem stafa af of langri geymslu þeirra;

2.3 tjóna á vörum í geymslum sem kældar eru með þurrís eða ísmolum;

2.4 rekstrartjóns eða annars óbeins tjóns.

3. gr. Tilkynning um tjón

Þegar tjón hefur orðið, eða þau atvik verða sem valdið geta tjóni, er vátryggðum skylt að tilkynna félaginu það án tafar, auk þess sem hann skal tilkynna það lögreglunni ef um ólögmeitt athæfi er að ræða.

4. gr. Vátrygging undir verði (undirtrygging)

Forsenda fullra bóta er að allar vörur í frysti- og kæligeymslum á vátryggingarstaðnum séu vátryggðar. Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en vátryggingarverðmæti varanna bætir félagið tjónið aðeins hlutfallslega.

5. gr. Varúðarreglur

5.1 **Vátryggðum ber skylda til að halda kæli- eða frystikerfinu, þar sem vörurnar eru geymdar í, í góðu rekstrarástandi og fylgja leiðbeiningum seljanda kerfisins og uppfylla skilyrði laga og reglugerða. Auk þess skal hann tafarlaust láta bæta úr göllum eða annmörkum á kerfinu verði hann var við þá.**

5.2 **Viðurkennt kælifyrirtæki skal hafa tæknilegt eftirlit með frystigámum og gera skýrslu á sex mánaða fresti um ástand þeirra. Afrit skýrslunnar skal senda til félagsins óski það þess. Ræsirofar og straumkaplar skulu vera þannig að utanaðkomandi aðilar geti ekki rofið straum að gámnum. Loftflæði í gámnum skal vera virkt. Síritaspjald í gámnum skal vera virkt. Hitamælur í geymslugámum í eigu vátryggðs skulu vera minnst tveir, einn við sinn hvorn enda gámsins.**

6. gr. Eigin áhætta

6.1 Kæli- og frystiborð verslana:

Vátryggður ber sjálfur 20% eigin áhættu á vörum sem geymdar eru í kæli- og frysti-borðum verslana en þó aldrei lægri fjárhæð en getur í vátryggingarskírteini.

6.2 Frysti- og kæligeymslur, frystigámar:

Vátryggður ber sjálfur í eigin áhættu þá fjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða á iðgjaldskvittun á vörum sem geymdar eru í frystigámi eða í öðrum kæli- eða frystigeymslum.

7. gr. Tilvísun til laga um vátryggingarsamninga og annarra skilmála félagsins

Að öðru leyti gildir skilmáli félagsins fyrir brunatryggingu lausafjár nr. E-3 og lög nr.30/2004 um vátryggingasamninga.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2006